

Þróun og framtíðarhorfur í matvælatengdu námi

Guðjón Þorkelsson
Matís ehf, Háskóla Íslands

Inngangur

Íslenskur landbúnaður skiptist í nokkrar búgreinar og markmið flestra þeirra er að ala dýr og plöntur til matvælaframleiðslu. Mál hafa skipast þannig að háskólanám í frumframleiðslu matvæla er í landbúnaðarháskólum en háskólanám í eiginleikum og úrvinnslu afurðanna hefur verið í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Grunnnám í matvælafræði á undir högg að sækja og rætt hefur verið um að leggja það niður. Rannsóknatengt framhaldsnám hefur aftur á móti verið að eflast mjög mikið. Í því sambandi hafa nán tengsl við öflugar stofnanir og fyrirtæki í rannsóknum matvæla skipt miklu máli. Skortur á öflugum námskeiðum í matvælatengdum greinum takmarkar frekari vöxt framhaldsnámsins.

Í erindi þessu verður sagt frá tillögum um að efla framhaldsnám í matvælafræði á Íslandi. Með því að:

- bjóða nemendum í raunvísindum, búvísindum og verkfræði upp á MS nám í matvælafræði og verkfræði
- bjóða upp á alþjóðleg M.S námskeið í matvælatengdum greinum með faglegri og fjárhagslegri samvinnu við Matís og samvinnu við aðra háskóla í landinu
- námskeiðin verði kennd í 2-4 vikna lotum og að samvinna verði við aðila í símenntun/endurmenntun og háskóla og stofnanir í öðrum löndum
- nemendur í öðru framhaldsnámi geti einnig valið námskeiðin
- bjóða nemendum upp á öflug rannsókn- og nýsköpunarverkefni í samvinnu við fyrirtæki í landinu

Með þessu móti er vonast til að ná inn nægilegum nemendafjölda til að geta haldið þessum námskeiðum gangandi jafnframt því að efla íslenska matvælaframleiðslu og matvælaíðnað með því að þjálfa upp stjórnendur og starfsfólk næstu ára og til lengri framtíðar og með því að tengja námið við öflugar og spennandi rannsóknir og nýsköpunarverkefni á mörgum stöðum á landinu og í útlöndum. Í erindinu verður rætt um kosti og galla þessara hugmynda, hvaða tækifæri felast í þeim og hvaða hindranir eru í veginum að hrinda þeim í framkvæmd. Einnig hvaða hlutverki og skyldum Matís hafi að gegna á þessu sviði.